



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

### Fundargerð.

356. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 5. nóvember 2014 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

- a) Fundargerð 3. fundar nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (NOS), 27. október 2014.

### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. október 2014.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. október 2014 liggur frammi á fundinum.*

### 2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. október 2014.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. október 2014 liggur frammi á fundinum.*

### 3. Fundargerðir.

- a) **Fundargerð 38. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. október 2014.**

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.*

- b) **Fundargerð 39. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 27. október 2014.**

*Fundargerðin lögð fram. Í dagskrárlið 2, óskar formaður fræðslunefndar eftir að boðað verði til fundar með sveitarstjóra, oddvita, skólustjóra og formanni fræðslunefndar í Bláskógabyggð og sama hóp úr Grímsnes- og Grafningshreppi mæti á fundinn. Málefni fundarins á að vera sérkennsl og önnur mál í samskiptum skólanna. Sveitarstjóra er falið að boða til fundar. Fundargerðin staðfest.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**c) Fundargerð 8. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. september 2014.**

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.*

**d) Fundargerð 9. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 27. október 2014.**

*Fundargerðin lögð fram. Í dagskrárlið 1, dagatal Grímsnes- og Grafningshrepps, óskar atvinnumálanefnd eftir samþykki sveitarstjórnar að útbúa dagatal. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að heimila atvinnumálanefnd að láta útbúa dagatal miðað við fyrir liggjandi gögn. Fundargerðin staðfest.*

**e) 78. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 16. október 2014.**

**Mál nr. 3, 7, 9, 10, 11 og 12 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Sveitarstjórnar Lögð fram 78. fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, dags. 16. október 2014. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 3:** Kvörtun\_Illagil 21, jarðvegsmön

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir samhljóða að fela byggingarfulltrúa að leita eftir viðbrögðum eigenda lóðarinnar við Illagil 21 vegna fyrirbyggjandi umkvörtun.*

**Mál nr. 7:** Sel 1 168275

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að grenndarkynna umsóknina fyrir eigendum jarðanna Sel 1 og 2, þar sem hluti lands þessarar jarða er í óskiptri sameign.*

**Mál nr. 9:** Askbr. Grímsnes-og Grafn. Seyðishólar - Kerbyggð

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu málsins.*

**Mál nr. 10:** Dsk Hagavík reitur B

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir samhljóða að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

**Mál nr. 11:** Dskbr. Seyðishólar - Kerbyggð

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu málsins.*

**Mál nr. 12:** Fyrirspurn\_Tjarnholtsmýri 15

*Lagt fram að nýju erindi Þorgeirs Þorgeirssonar f.h.núverandi eiganda Tjarnholtsmýrar 15 og nýs eiganda þar sem óskað er eftir umsögn varðandi þann möguleika á að breyta skráningu eignar úr sumarbústað í íbúðarhús þar sem fyrirhugað er að flytja lögheimili þangað. Með erindi fylgir bréf undirritað af flestum eigendum lóða innan skipulagssvæðisins þar sem óskað er eftir að svæðinu verði breytt þannig að heimilt verði að breyta frístundahúsum í íbúðarhús, að því gefnu að húsin uppfylli skilyrði byggingarreglugerðar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og vísar því til endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins á árinu 2015.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**f) Fundargerð 21. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 16. október 2014.**

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.*

**g) Fundargerð 5. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings, 3. september 2014.**

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.*

**h) Fundargerð 6. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings, 14. október 2014.**

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.*

**4. Fulltrúi í samgöngunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.**

*Fyrir liggur að aðalfulltrúi C-lista í samgöngunefnd, Ása Valdís Árnadóttir, hefur beðist lausnar frá störfum. Fulltrúar C-lista tilnefna Björn Kristinn Pálmarrson sem aðalfulltrúa sinn og Steinar Sigurjónsson til vara í samgöngunefnd út kjörtímabilið 2014-2018.*

**5. Staða fjárhagsáætlunar 2014.**

*Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2014 eftir fyrstu tíu mánuði ársins. Samkvæmt yfirlitinu er rekstur sveitarsjóðs innan ramma fjárhagsáætlunar.*

**6. Drög að nýjum samningi um Tæknisvið Uppsveita Árneshings.**

*Fyrir liggja drög að nýjum samningi um Tæknisvið Uppsveita Árneshings þar sem sveitarfélögin innan tæknisviðsins eru orðin fjögur í stað þriggja. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir nýjan samning.*

**7. Bréf frá nemendum úr 5., 7. og 8. bekk Kerhólsskóla vegna útsýnisskífu á Borgarhól.**

*Fyrir liggur bréf frá nemendum úr 5., 7. og 8. bekk Kerhólsskóla, dagsett 20. október 2014 þar sem óskað er eftir leyfi sveitarstjórnar til að setja upp útsýnisskífu á Borgarhól. Einnig er óskað eftir einu hlasi af rauðamöl og jafnvel örlítilli aðstoð við frágang á svæðinu. Sveitarstjórn fagnar áhuga nemenda á nærumhverfi sínu og veitir formlegt leyfi til uppsetningar umræddrar útsýnisskífu. Jafnframt er samþykkt að sveitarfélagið muni leggja til rauðamöl og aðstoð.*

**8. Minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita vegna kostnaðar við endurvinnslu á seyru.**

*Fyrir liggur minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita Árneshings, dagsett 14. október 2014 vegna kostnaðar við endurvinnslu á seyru í samstarfi við nágretta sveitarfélögin. Kostnaður vegna endurvinnslunnar felst í móttökustöð, kalkblandara og vinnslu og mun skipting kostnaðarins fara eftir fjölda rotþróa í hverju sveitarfélagi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða aðilar að verkefninu.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**9. Bréf frá Jóhannesi Bjarna Björnssyni hrl. f.h. eigenda að Fljótsbakka 30 vegna átroðnings af hálfu eigenda að Fljótsbakka 32.**

*Fyrir liggur bréf frá Jóhannesi Bjarna Björnssyni hrl. f.h. eigenda að Fljótsbakka 30, dagsett 13. október 2014 vegna átroðnings af hálfu eigenda við Fljótsbakka 32. Erindið lagt fram.*

**10. Bréf frá Óskari Sigurðssyni hrl. vegna ágreinings um uppsetningu hliða í frístundabyggð að Sogsbökkum og Fljótsbakka.**

*Fyrir liggur bréf frá lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., dagsett 14. október 2014 vegna ágreinings um uppsetningu hliða í frístundabyggð að Sogsbökkum og Fljótsbakka. Bréfið lagt fram.*

**11. Bréf frá Óskari Sigurðssyni hrl. f.h. sveitarfélagsins vegna meintra galla á verki við Kjalbraut 7, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

*Lagt fram svarbréf frá lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl, við bréfi frá Björgvini Þórðarsyni hdl. f.h. eigenda að Kjalbraut 7, dagsett 28. október 2014 þar sem farið er fram á skaðabætur vegna meintra galla á verki Kvistfells ehf. og Þorsteins Þorvaldssonar, byggingarstjóra að Kjalbraut 7. Sveitarstjórn staðfestir fyrirliggjandi bréf.*

**12. Bréf frá Consello tryggingarráðgjöf, vegna tryggingamála.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Consello tryggingarráðgjöf, dagsettur 31. október 2014 þar sem óskað er eftir tækifæri til þess að gera tilboð í váttryggingar sveitarfélagsins fyrir næstu endurnýjun. Sveitarstjóra falið að skoða tryggingarmál sveitarfélagsins með almennt útboð í huga.*

**13. Tölvupóstur frá Tryggja.is., vegna tryggingamála.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Tryggja.is, dagsettur 20. október 2014 þar sem óskað er eftir tækifæri til þess að gera tilboð í váttryggingar sveitarfélagsins fyrir næstu endurnýjun. Sveitarstjóra falið að skoða tryggingarmál sveitarfélagsins með almennt útboð í huga.*

**14. Bréf frá KPMG ehf. þar sem óskað er eftir upplýsingum um launakjör sveitarstjórnarfulltrúa.**

*Fyrir liggur bréf frá KPMG ehf., dagsett 20. október 2014, þar sem óskað er eftir upplýsingum um launakjör sveitarstjórnarfulltrúa sveitarfélaga á Suðurlandi. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.*

**15. Bréf frá framkvæmdarstjóra Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands.**

*Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra Markaðsstofu Suðurlands, dagsett 8. október 2014 þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framlengja samstarfssamninginn og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.*

**16. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2015 frá Samtökum um kvennaathvarf.**

*Fyrir liggur beiðni um rekstrarstyrk fyrir árið 2015 frá Samtökum um kvennaathvarf að fjárhæð kr. 200.000. Sveitarstjórn hafnar erindinu.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**17. Beiðni um styrk frá Klúbbnum Strók.**

*Fyrir liggur beiðni um styrk frá Klúbbnum Strók til styrktar þeirri mikilvægu starfsemi sem klúburinn veitir fólki með geðraskanir. Óskað er eftir styrk að fjárhæð 100 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 25.000 til verkefnisins.*

**18. Beiðni um styrk frá svæðisstjórn Björgunarsveita í Árnessýslu.**

*Fyrir liggur beiðni frá svæðisstjórn Björgunarsveita í Árnessýslu um styrk vegna kynningarfundar í Félagsheimilinu Borg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við umbeðnum styrk.*

**19. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu, 27. mál.**

*Pingsályktunartillagan lögð fram.*

**20. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um vegalög (gjaldtaka af umferð ofl., EES-reglur), 157. mál.**

*Frumvarpið lagt fram.*

**21. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um verslun með áfengi og tóbak ofl. (smásala áfengis), 17. mál.**

*Frumvarpið lagt fram.*

**22. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um framhaldsskóla, 214. mál.**

*Frumvarpið lagt fram.*

**23. Bréf frá Hagstofu Íslands þar sem óskað er eftir athugasemdum við talningarsvæði vegna manntals 2011.**

*Fyrir liggur bréf frá Hagstofu Íslands, dagsett 14. október 2014 þar sem óskað er eftir athugasemdum við talningarsvæði vegna manntals 2011. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við talningarsvæðin.*

**24. Önnur mál.**

**a) Fundargerð 3. fundar nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (NOS), 27. október 2014.**

*Fundargerðin lögð fram. Í dagskrárlið 2, fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, staðfestir sveitarstjórn fyrirliggjandi fjárhagsáætlun 2015. Jafnframt staðfestir sveitarstjórn gjaldskrár ársins 2015. Fundargerðin staðfest.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**Til kynningar**

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 234. stjórnarfundar 06.10 2014.
- ✓ Samtök orkusveitarfélaga. Aðalfundargerð, 10.10 2014.
- ✓ Markaðsstofa Suðurlands, framvinduskýrsla maí til ágúst 2014.
- ✓ Markaðsstofa Suðurlands, ársreikningur 2013.
- ✓ Vottunarstofan Tún. Aðalfundargerð, 29.08 2014.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00